

ENDURSKOÐUNARNEFND

Ár 2024, mánudaginn 10. júní var haldinn 304. fundur endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar. Fundurinn var haldinn í Guðrúnartúni 1 og hófst kl. 10:10. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum: Lárus Finnbogason, Sigrún Guðmundsdóttir og Einar S. Hálfánarson. Sunna Jóhannsdóttir boðaði forföll. Fundarritari var Ingunn Ólafsdóttir, starfandi innri endurskoðandi.

Þetta gerðist:

- Fram fer kynning á niðurstöðum sjálfsmats endurskoðunarnefndar 2024. Viðhorfskönnun var send út til stjórnenda og stjórnarmanna í samstæðu Reykjavíkurborgar vorið 2024. IER24030024

Guðjón Hlynur Guðmundsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Fram fer kynning á trúnaðarmerktum drögum að niðurstöðum verkefnis IER varðandi sjálfsmat stjórnar Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2024 og gagnaskil til stjórnar. IER24010032

Guðjón Hlynur Guðmundsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

- Skýrsla regluvarðar Reykjavíkurborgar. IER24060004
Frestað.

- Fram fer kynning á starfsemi Innri endurskoðunar og ráðgjafar árið 2024. IER24060005

- Önnur mál
Lántaka Reykjavíkurborgar frá Þróunarbanka Evrópuráðsins. IER24060009

Lögð fram svohljóðandi bókun endurskoðunarnefndar:

Með vísan til 2. tl. 2. gr. samþykktar endurskoðunarnefndar Reykjavíkurborgar óskar nefndin eftir upplýsingum frá fjármála- og áhættustýringarsviði um ástæðu 100 milljóna evra lántöku frá Þróunarbanka Evrópuráðsins fremur en innlendrar lántöku og hvaða varnir verði settar til að verjast gengisáhættu.

Fundi slitið kl. 12:20

Lárus Finnbogason

Sigrún Guðmundsdóttir

Einar S. Hálfánarson